

Meðhöndlun kvartana

KORTA hefur einsett sér það markmið að afgreiða kvartanir með skjóttum, skilvirkum og sanngjörnum hætti í samræmi við reglur nr. 1001/2018 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, greiðslustofnana og rafeyrisfyrirtækja.

Viðskiptavinir KORTA geta komið á framfæri kvörtun eða athugasemd t.d. um óánægju með þjónustu, afgreiðslu mála eða hvernig staðið hefur verið að viðskiptasambandi með því að senda póst á korta@korta.is.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Viðskiptavinir KORTA geta ávallt skotið ágreiningi til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki sem er í umsjá Fjármálaeftirlitsins. Erindi skulu send á:

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki
Katrínartún 2
105 Reykjavík
Sími: 520 3888
Tölvupóstur: urskfjarm@fme.is

Fylla þarf út sérstakt málskotseyðublað og skila eða senda í pósti til skrifstofu Fjármálaeftirlitsins til að óska eftir úrskurði nefndarinnar. Jafnframt má nálgast málskotseyðublað á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins eða á skrifstofu þess. Nánari upplýsingar um nefndina, málskotsgjald, hverjir geta leitað til nefndarinnar o.fl. er að finna á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Þá geta aðilar leitað réttar síns fyrir almennum dómstólum hafi ágreiningsefnið ekki verið undanþegið lögsögu þeirra með lögum eða samningi.

Janúar 2019